

Sveitarfélagið Árborg  
Austurvegi 2, Ráðhúsi  
800 Selfoss

Reykjavík, 11. apríl 2022  
UST202203-285/B.S.  
10.04.00

### **Efni: Aðalskipulag og deiliskipulag - hreinsistöð við Geitanes. Umsögn**

Vísað er til erindis Sveitarfélagsins Árborgar dags. 22. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag. Ráðgert er að reisa hreinsistöð fyrir fráveitu við Geitanes. Ætlunin er að hreinsa skólpi frá Selfossi sem uppfyllir skilyrði laga og reglugerða en nú er skólpi að mestu losað óhreinsað í Ölfusá.

Sett verður upp tveggja þrepa hreinsun sem tekur við öllu skólpi frá byggðinni á Selfossi. Sett er fram tímasett áætlun um framkvæmdir við hreinsistöðina og áætlanir um endurnýtingu seyru.

Umhverfisstofnun telur mjög jákvætt að hafin sé vinna við að koma hreinsun skólps í réttan farveg á Selfossi.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við skipulagsbreytingarnar.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*

Axel Benediktsson,  
*sérfræðingur*